

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2020, miðvikudaginn 8. apríl kl. 13:00 var haldinn 289. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn um fjarfundabúnað. Fundarmenn: Brynhildur Davíðsdóttir, Gylfi Magnússon, Hildur Björnsdóttir og Eyþór Laxdal Arndals, Sigríður Rut Júlíusdóttir, Valgarður Lyngdal Jónsson, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir. Einnig sat fundinn Bjarni Bjarnason, forstjóri.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

1. Ingvar Stefánsson, framkvæmdastjóri fjármála lagði fram svohljóðandi tillögu um breytingu á fjárhagsáætlun vegna aukinna fjárfestinga.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) samþykkir að auka fjárfestingar hjá OR samstæðu um 2 ma.kr fyrir árið 2020 og að stefnt sé að því að auka fjárfestingar hjá OR samstæðu um allt að 4 ma.kr. á árinu 2021, sem kemur aftur til afgreiðslu við gerð fjárhagsspár í haust. Í tillögunni felst breyting á samþykktu fjárhagsáætlun ársins 2020, sem samþykkt var í stjórn á SF280 þann 30. september 2019. Samtals áætlaðar fjárfestingar fyrir árið 2020 verða því 19,7 ma.kr. og árið 2021 22,7 ma.kr.

Tillagan samþykkt samhljóða

2. Lögð fram svohljóðandi tillaga til aðalfundar um arðgreiðslu. Tillögunni fylgir greinargerð:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) samþykkir að gera tillögu til aðalfundar um arðgreiðslu að fjárhæð 3.000 milljónir króna eða tæplega 1,6% af eigin fé í árslok 2019. Tillagan felur í sér að fjárhagsleg skilyrði eru uppfyllt fyrir og eftir arðgreiðslu samkvæmt fjárhagsspá yfir tímabilið 2020-2025.

Samþykkt með atkvæðum Brynhildar Davíðsdóttur, Gylfa Magnússonar, Sigríðar Rutar Júlíusdóttur og Valgarðs Lyngdal Jónssonar. Eyþór Laxdal Arndals og Hildur Björnsdóttir sitja hjá.

3. Lagðar fram svohljóðandi tillögur um auknar fjármögnunarheimildir og útgáfuramma skuldabréfa:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) veitir forstjóra eða framkvæmdastjóra fjármála aukna heimild til fjármögnunar í formi skuldabréfaútgáfu, víxlaútgáfu eða bankaláns fyrir allt að 17 milljarða króna á árinu 2020 vegna covid-19 þar sem um 10 ma.kr. eru hugsaðir til endurfjármögnunar eigendalána. Samtals fjármögnunar heimild fyrir árið 2020 yrði þá alls 30 milljarðar en í spá er gert ráð fyrir fjármögnun alls 28 ma.kr. Framangreindar heimildir ná einnig til undirritunar allra skjala sem heimildir ná yfir.

Tillagan samþykkt með atkvæðum Brynhildar Davíðsdóttur, Gylfa Magnússonar, Sigríðar Rutar Júlíusdóttur og Valgarðs Lyngdal Jónssonar. Eyþór Laxdal Arndals og Hildur Björnsdóttir sitja hjá.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) samþykkir heimild til hækkunar á útgáfuramma skuldabréfa og víxla Orkuveitu Reykjavíkur að fjárhæð kr. 30.000.000.000. Heildarstærð útgáfuramma, útistandandi á hverjum tíma nemur eftir hækkunina kr. 80.000.000.000. Í samþykktinni felst einnig heimild til forstjóra og/eða framkvæmdastjóra Fjármála til undirritunar allra skjala sem heimildin nær yfir.

Tillagan samþykkt með atkvæðum Brynhildar Davíðsdóttur, Gylfa Magnússonar, Sigríðar Rutar Júlíusdóttur og Valgarðs Lyngdal Jónssonar. Eyþór Laxdal Arnalds og Hildur Björnsdóttir sitja hjá.

4. Önnur mál.

- Formaður starfskjaranefndar leggur fram svohljóðandi tillögu. Tillögunni fylgir greinargerð:

Starfskjaranefnd leggur til að fyrri ákvörðun stjórnar dags. 12. mars 2020 um þóknun stjórnar til framlagningar á aðalfundi verði afturkölluð og að stjórn Orkuveitu Reykjavíkur leggi það til við aðalfund að stjórnarlaun verði óbreytt.

Samþykkt samhljóða.

- [Bókun tekin út vegna trúnaðar)
- Forstjóri upplýsti um erindi SKE, dags. 8. apríl 2020, varðandi skoðun á orkumarkaði á Íslandi.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 13:50.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn þann 27. apríl 2020.

Brynhildur Davíðsdóttir

Gylfi Magnússon
Eyþór Laxdal Arnalds
Valgarður Lyngdal Jónsson

Sigríður Rut Júlíusdóttir
Hildur Björnsdóttir
Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir